

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Nefndarsvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. júní 2013

Efni: Umsögn BHM um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir vegna skuldavanda heimila á Íslandi, 9. mál. Lagt fyrir Alþingi á 142. löggjafarþingi 2013.

Almennt um fjárhagsþrengingar landsmanna:

BHM er málsvari millitekjuhópa sem hafa frá hruninu 2008 tekist á við minnkaðan kaupmátt og aukin útgjöld til samfélagsins. Félagsmenn BHM eru vissulega margir eigendur húsnæðis og þar með lántakendur, rétt eins og landsmenn flestir. Heimilisútgjöld eru hins vegar fleiri og fjölbreyttari en afborganir lána. Má þar nefna notendagjöld í heilsugæslu, kostnað vegna skólabarna, matarinnkaup og eldsneytiskostnað. Jafnframt mætti telja til hækkaða skattbyrði sem okkar félagsmenn eðli máls samkvæmt hafa mætt á undanförunum árum. Ef aðgerð til að létta á stærð höfuðstóls verðtryggðra lána, sem í sjálfu sér er jákvæð, leiddi af sér aukna verðbólgu, er viðbúið að millitekjufólk finni fyrir því. Stóra málið hlýtur því að vera að koma á stöðugleika og skapa aðstæður þar sem verðlag og verðbólga fer minnkandi. Jafnframt er rétt að minna á þann hóp landsmanna sem glímur við hækkaðan húsnæðiskostnað á leigumarkaði. Ekki verður séð að þessi tillaga taki tillit til þess hóps og er það miður.

Eins er óljóst hvernig tillagan snýr við þeim einstaklingum og fjölskyldum sem hyggja á húsnæðisöflun á næstu árum, hvort sem er með leigu eða kaupum.

Loks skal ítrekað að flest heimili félagsmanna BHM glíma við afborganir af námslánum, en hingað til hafa þau ekki verið talin með þegar fjallað er um skuldavanda.

Í stefnu BHM segir:

BHM leggur áherslu á að í landinu sé stöðugt efnahagsástand sem byggi á langtíma stefnumótun.

BHM leggur áherslu á að skuldir vegna námslána séu jafnan metnar til jafns við aðrar skuldir heimila þegar mótaðar eru aðgerðir til að létta skuldir landsmanna.

Almennt um þingsályktunartillöguna:

Bandalag háskólamanna telur eðlilegt að ríkisstjórn skipi eftir atvikum nefndir til að greina og fjalla um mál sem uppi eru hverju sinni.

BHM styður alltaf að unnið sé að greiningu jafn yfirgripsmikils máls og skuldavanda undanfarinna ára.

Tillagan er býsna opin og yfirgrípsmikil og sé t.d. vísað til kaflans sem fjallar um 1. lið verður ekki annað séð að í raun standi til að skoða allar mögulegar aðgerðir sem þjónað geti tilgangi tillögunnar.


BHM áskilur sér rétt til að gera efnislegar athugasemdir, umfram það sem hér hefur verið almennt sagt um efnahagslegan stöðugleika og almennar fjárhagsaðstæður millitekjufólksins í landinu, við formlegar tillögur sem út úr nefndarstörfum á grundvelli þessarar tillögu kunna að koma.

Um lið 4:

BHM átti aðild að umfangsmiklu starfi á síðustu árum sem laut að húsnæðisstefnu og samræmingu milli vaxtabóta- og leigubótakerfanna. BHM studdi niðurstöður þeirrar vinnu, með þeim fyrirvara að hvers kyns skerðingar á hlut þeirra sem þiggja nú vaxtabætur yrðu innleiddar með fyrirvara svo kostur gæfist á aðlögun í heimilisbókhaldi hvers og eins.

BHM myndi áfram taka þátt í og fagna skoðun á húsnæðisstefnu til langs tíma, og hvetur til þess að byggt verði á öllu því efni sem féll til við greininguna á síðustu árum.

Virðingarfyllst,



Guðlaug Kristjánsdóttir,
formaður.